

dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði af sömu fjárhæð frá þeim degi til greiðsludags og kr. 15.600,00 í málkostnað. Heimilt er að bæta dráttarvöxtum við höfuðstól á 12 mánaða fresti og reikna síðan dráttarvexti af þannig uppfærðum höfuðstól. Staðfestur er veðréttur skv. tryggingabréfi dags. 30. september 1983 í kjallara hússins nr. 26 við Fálkagötu í Reykjavík til tryggingar dæmdum kröfum.

Dómur þessi er aðfararhæfur að liðnum 15 dögum frá birtingu hans.

Miðvikudaginn 20. maí 1987.

Nr. 92/1987. **Ákærvaldið**

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn

Jóni Þór Grímssyni

(Ragnar Aðalsteinsson hrl.)

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Halldór Þorbjörnsson, Guðmundur Jónsson og Guðrún Erlendsdóttir.

Héraðsdómi var af hálfu ákærvalds áfrýjað til Hæstaréttar með stefnu 11. febrúar sl. til þyngingar, en ákærði vildi hlíta héraðsdómi.

Sannað er að ákærði gerðist sekur um þau brot sem honum eru gefin að sök.

Með því að vera undir áhrifum áfengis við akstur bifreiðar 4. júní 1986 hefur ákærði, miðað við alkóhól í blóði hans, 0,86‰, brotið gegn 2. sbr. 3. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 40/1968. Neysla áfengis sem ölvuninni olli telst hins vegar ekki sjálfstætt brot sem refsað verði fyrir samkvæmt 1. mgr. 25. gr. umferðarlaga.

Ákærði olli árekstri með ógætilegum akstri er hann tók beygju af hringtorgi inn á Esjubraut. Hefur hann þannig brotið gegn a, c- og d-liði 3. mgr. 49. gr. umferðarlaga.

Þar sem ákærði hafði verið sviptur ökuleyfi hefur hann með akstri sínum einnig brotið gegn 1. mgr. 27. gr. sbr. 81. gr. umferðarlaga.

Refsing ákærða þykir samkvæmt 80. gr. umferðarlaga sbr. lög nr. 54/1976 og með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og af fyrri brotaferli hans hæfilega ákveðin 30 daga óskil-orðsbundið varðhald. Það athugast að lög mæla ekki fyrir um aukna refsingu vegna ítrekunar fyrir brot gegn umferðarlögum.

Brot gegn 25. gr. umferðarlaga varðar sviptingu ökuleyfis. Ákærði hefur áður verið sviptur þeim rétti og ber að árétta þá sviptingu.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað og dæma ákærða til greiðslu áfrýjunarkostnaðar, svo sem nánar greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Jón Þór Grímsson, sæti varðhaldi 30 daga.

Ákærði skal vera sviptur ökuleyfi ævilangt.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað er staðfest.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 12.000,00 krónur, og málsvarnarlaun verjanda síns, Páls A. Pálssonar hæstaréttarlögmanns, 12.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Kópavogs 22. janúar 1987.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var sama dag, er höfðað af ákæruvaldsins hálfu með ákæru, dagsettri 21. október 1986, „á hendur Jóni Þór Grímssyni sjómanni, Kársnesbraut 61, Kópvaogi, fæddum í Reykjavík 10. janúar 1965, fyrir að aka miðvikudaginn 4. júní 1986 sviptur ökuleyfi ævilangt, bifreiðinni Y-13392 frá Hótel Búðum í Staðarsveit, Snæfellsnessýslu, til Akraness og neyta áfengis við aksturinn, aka bifreiðinni um götur á Akranesi undir áhrifum áfengis og svo hratt og ógætilega þar norður Kalmansbraut og í hægri beygju austur Esjubraut að hann missti stjórn á bifreiðinni í beygjunni og hafnaði bifreiðin framan á bifreiðinni E-887 sem ekið var vestur Esjubraut á réttum vegarhelmingi.

Telst þetta varða við 1. og 2. mgr., sbr. 3. mgr., 25. gr., 1. mgr. 27. gr., 1. mgr. 37. gr. og 1. mgr., 2. mgr. og 3. mgr. staflíði a, c og d 49. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968, sbr. lög nr. 54, 1976.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til ökuleyfissviptionar samkvæmt 81. gr. umferðarlaganna og til greiðslu alls sakarkostnaðar:

Samkvæmt lögregluskýrslu, framburði ákærða og öðrum gögnum eru málavextir þeir að lögreglunni á Akranesi var miðvikudaginn 4. júní 1986 kl. 15:35 tilkynnt um árekstur við Esjubraut á Akranesi. Lögreglan fór á vettvang og hafði þarna orðið árekstur. Hafði bifreiðin Y-13392, sem ekið hafði verið eftir Kalmansbraut á hringtorgið, farið yfir á vinstri akbraut Esjubrautar miðað við sína akstursstefnu og lent þar framan á bifreiðinni E-887 sem ekið hafði verið úr gagnstæðri átt. Ökumaður Y-13392 sagðist hafa ekið norður Kalmansbraut og inn á hringtorgið og síðan beygt inn á Esjubraut. Þegar hann hafi verið búinn að taka beygjuna að nokkru leyti, þá hafi hann „gefið í“ og við það misst stjórn á bifreiðinni. Hann hafi hellað og þá lent inn á vinstri akbraut Esjubrautar og framan á bifreiðinni E-887.

Ökumaður bifreiðarinnar E-887, Guðrún Íris Guðmundsdóttir, sagðist hafa verið að aka vestur Esjubraut og hafi hún séð til ferða Y-13392, sem hafi nálgast hringtorgið á mikilli ferð. Guðrún Íris sagðist hafa farið í hægri vegarkantinn, en það hafi ekki skipt neinum togum, bifreiðin Y-13392 kom inn á hægri akbraut og lenti framan á bifreiðinni E-887.

Sjáanlegar skemmdir á bifreiðinni Y-13392 voru: vinstra frambretti beyglað, framstuðari beyglaður og ljósabúnaður vinstra megin að framan brotinn.

Sjáanlegar skemmdir á bifreiðinni E-887 voru: vinstra frambretti beyglað, framstuðari beyglaður, vélarhúslok beyglað, framstuðari beyglaður, grill skemmt, umgerð um vinstra framljós skemmd og bifreiðin gengin til að framan.

Ökumaður bifreiðinnar E-887, Guðrún Íris Guðmundsdóttir, sagðist hafa fengið högg á enni við áreksturinn, en taldi ekki ástæðu að fara til læknis að svo stöddu.

Guðmundur Sigurðsson bifreiðaeftirlitsmaður var fenginn til að skoða bifreiðarnar.

Lögreglan hafði tal af ökumanni bifreiðarinnar Y-13392 og reyndist hann vera ákærði í máli þessu. Lagði frá vitum hans áfengisþef. Var hann færður á lögreglustöðina á Akranesi til skýrslutöku. Útliti og öðrum einkennum ákærða er svo lýst í varðstjóráskýrslu, dagsettri 4. júní 1986: Áfengisþefur lítilsháttar, andlitið eðlilegt, fatnaður velktur, kurteis, voteygður, jafnvægi stöðugt, skýrmæltur og framburður greinargóður.

Að því búnu tók Sigurður Blöndal læknir blóðsýni úr ákærða kl. 17:20. Samkvæmt niðurstöðu þeirra rannsókna mældist alkóhólmagn í blóði ákærða 0,86‰.

Ákærði skýrði svo frá að miðvikudaginn 4. júní 1986 hafi hann verið staddur á Snæfellsnesi. Hafi hann lagt af stað um kl. 11 um morguninn

á bifreið sinni Y-13392 frá Rífi. Ákærði sagðist hafa komið við á Búðum um hádegis og keypt þar eina flösku af hvítvíni. Hafi hann síðan haldið akstri áfram áleiðis á Akranes. Á þeirri leið hafi hann drukkið úr fyrrnefndri hvítvínflösku. Hafi hann lokið úr flöskunni áður en hann kom til Akraness. Á Akranesi hafi hann haft skamma viðdvöl þar sem ferðinni var heitið til Reykjavíkur. Ákærði sagðist hafa ekið eftir Kalmansbraut og telur sig hafa verið á 60 kílómetra hraða miðað við klukkustund. Hann sagðist hafa ætlað að beygja til hægri inn á Esjubraut og aka þá götu til suðurs. Hann telur sig hafa farið í beygjuna á 60 kílómetra hraða miðað við klukkustund. Þar sem honum hafi sýnst Esjubrautin vera auð hafi hann ætlað að láta bifreiðina „skransa“ í beygjunni. Hann hafi því stigið eldsneytisgjöfina í botn í beygjunni og í þann sama mund séð bifreiðina E-887 koma úr gagnstæðri átt. Hafi hún þá verið nokkuð langt undan og kvaðst ákærði hafa hemlað þegar í stað. Bifreið hans hafi hins vegar runnið í hemlun út á hlið og lent framan á bifreiðinni E-887. Ákærði taldi að ökumaður bifreiðarinnar E-887 hafi ekki tekið eftir í tíma hvað verða vildi því hann hafi átt möguleika á því að stöðva bifreið sína og koma þannig í veg fyrir árekstur.

Ákærði sagðist ekki hafa neytt annars áfengis en hér að framan hefur verið greint frá.

Ákærði sagðist hafa fundið til áfengisáhrifa við aksturinn.

Ákærði sagðist ekki hafa neytt áfengis eftir að akstri lauk.

Fyrir dómi skýrði ákærði frá því að hann hafi á sl. hausti hafið nám í Stýrimannaskólanum í Reykjavík. Sagðist hann hafa stundað námið af kappi og líki sér það vel. Ennfremur sagðist ákærði nú vinna aukavinnu um kvöld og helgar við beitingar.

Ákærði kom fyrir dóm og staðfesti framburð sinn í lögregluskýrslum og undirritun sína þar.

Með játningu akærða telst sannað að hann hafi gerst sekur um háttsemi, sem varðar refsingu samkvæmt 2. mgr., sbr. 3. mgr. 25. gr., 1. mgr. 27. gr., 1. mgr. 37. gr. og 1. mgr., 2. mgr. og 3. mgr. staflíði a, c og d 49. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968, sbr. lög nr. 54, 1976.

III.

Ákærði hefur þrisvar gengist undir dómsátt vegna brota á áfengis- og umferðarlögum. Þá hefur ákærði tvisvar hlotið refsidóma vegna brota gegn umferðarlögum. Ákærði var sviptur ökuleyfi ævilangt frá 11. mars 1985 að telja, samkvæmt dómi sakadóms Kópavogs, uppkveðnum 19. júní 1985.

IV.

Með niðurstöðu alkóhólrannsóknar, játningu akærða, sem er í samræmi

við önnur gögn málsins þykir sannað, að hann hafi gerst sekur um háttsemi þá, sem hann er ákærður fyrir.

Dómur, er ákærði hlaut í sakadómi Kópavogs hinn 19. júní 1985, hefur ítrekunaráhrif samkvæmt 71. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, á brot ákærða, sem hér er fjallað um og verður honum dæmd refsing með tilliti til þess.

Ákærði hefur unnið sér til refsingar samkvæmt 80. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968, sbr. lög nr. 54, 1976 og þykir hún með hliðsjón af brotaferli ákærða hæfilega ákveðin 30 daga varðhald. Rétt þykir með hliðsjón af viðleitni ákærða til þess að stunda nám að fresta fullnustu refsingar og að hún falli niður að liðnum 2 árum frá uppkvaðningu dómsins að telja, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. laga nr. 19, 1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22, 1955.

Svo sem í ákæruskjali greinir og samkvæmt 81. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968 ber að svipta ákærða rétti til þess að öðlast ökuleyfi ævilangt. Samkvæmt 5. mgr. 81. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968 frestar áfrýjun ekki áhrifum dómsins að þessu leyti sbr. 178. gr. laga nr. 74, 1974 um meðferð opinberra mála.

Dæma ber ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ólöf Pétursdóttir, héraðsdómari, kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Jón Þór Grímsson, sæti 30 daga varðhaldi. Fresta skal fullnustu refsingarinnar og skal hún niður falla að liðnum 2 árum frá uppkvaðningu dómsins að telja, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. laga nr. 19, 1940.

Ákærði er sviptur rétti til þess að öðlast ökuleyfi ævilangt. Áfrýjun frestar ekki áhrifum þessa dómsákvæðis.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.